

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sigrún Hanna Sigurðardóttir <sighannasig@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 17. desember 2019 22:01
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Cc: Þuríður Jóney Sigurðardóttir
Subject: Til byggðaráðs.

Ég undirrituð hvet byggðaráð og sveitastjórn til þess að þrýsta á stjórnvöld, Landsnet og Rarik til þess að flýta fyrir lagningu rafmagns í jörð hér í Dölum ásamt þrífösun. Ástand undanfarna daga er ekki boðlegt í nútíma samfélagi og ekki hægt að draga lappirnar lengur í þessum málum. Sem betur fer þá voru veður ekki eins slæm hérna og fyrri norðan okkur en rafmagnsleysið og fjarskiptasamband var alveg jafn slæmt. Ég og fjölskylda mín rekum stórt bú og höfum verið að reyna að ýta á Rarik til þess að koma rafmagni hér í jörð og fá þriggjafasa rafmagn, þá sérstaklega svo við getum bætt bæði aðstöðu dýranna og hagrætt vinnu okkar. Með þessum rafmagnslínunum er það ekki í boði, við getum ekki byggt nýtt fjós og ekki nóg með þá heldur þá er tengiboxið hér við orðið fullt, við getum ekki bætt meiru inná það. Við erum svo vel í búi sett að við eigum rafstöð sem sá fjósinu og útihúsum fyrir rafmagni undanfarna viku en ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hvernig ástandið hefði verið á kúnnum ef við hefðum ekki haft rafstöðina. Við búum í nútíma samfélagi sem reiðir sig á rafmagn og fjarskipti. Stöðug fjarskipti er spurning um almannaoöryggi, það öryggi klikkaði algjörlega. Það er ekki í boði að hafa ekki öruggt fjarskiptasamband, hvernig sem viðrar, sama hvar maður er staddur. Hér í Dölum eru margir “dauðir punktar” og sum staðar næst ekkert farsímasamband, það þarf að laga.

Bestu kveðjur,
Sigrún Hanna Sigurðardóttir
Lyngbrekku